

Nd.

177. Frumvarp til laga

[144. mál]

um breyting á lögum nr. 97/1979 um eftirlaun til aldraðra.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt I. kafla laga þessara og tilheyra lífeyrissjóðum, sem II. kafla samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða tekur til, skal árin 1980—1982 greidd sérstök uppbót, þannig að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun samkvæmt 1. málsg. 6. gr. eins og þau eru samkvæmt kauptaxta hinn 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980 og eftir það 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember hvort ár 1981 og 1982 í stað 5 ára meðaltals. Umsjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fram í samræmi við fyrirheit ríkisstjórnarinnar í sambandi við lausn kjaradeilu Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda í október síðastliðnum.

Í samkomulagi um lífeyrismál milli Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands 27. október 1980 og samhljóða samkomulagi ASÍ, FFSÍ og Vinnumálasambands samvinnufélaganna, lýsa þessir aðilar því m. a. yfir, að þeir séu sammála um, að frá 1. desember 1980 skuli lífeyrisréttur samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra miðast við grundvallarlaun eins og þau eru samkvæmt kauptaxta 1. desember, 1. mars, 1. júní og 1. september ár hvert í stað 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, er hún gaf við gerð kjarasamninganna, er heitið lagabreytingu í samræmi við framangreint samkomulag. Tilgangur þessarar breytingar er, að lífeyrir samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra breytist á sama tíma og verðbætur á laun þannig að lífeyrisþegar þeir sem í hlut eiga, njóti hækkunar lífeyris vegna hækkunar verðbóta með sama hætti og launþegar. Þessi breyting hefur í för með sér, að hækkun lífeyris vegna launahækkana samkvæmt kjarasamningum ASÍ og vinnuveitenda og vegna verðbótahækkunar launa 1. desember 1980 kemur til greiðslu mánuði fyrr en ella. Útgjöld vegna uppbótar á lífeyri verða þessum mun hærri á árinu 1980 en þau hefðu ella orðið. Þessi útgjaldaauki verður að langmestu leyti borinn af lífeyrissjóðum á samningssviði þeirra aðila, sem standa að ofangreindu samkomulagi, en þeir bera öll útgjöld af greiðslu uppbótar á lífeyri samkvæmt I. kafla laganna. Kostnaður af greiðslu lífeyris samkvæmt II. kafla laganna er hins vegar miklum mun minni og sá útgjaldaauki sem frumvarpið felur í sér fyrir kostnaðaraðila samkvæmt 25. gr. laganna er hverfandi.